

REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2017/997

2017/EES/74/13

frá 8. júní 2017

um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB að því er varðar hættuflokkinn HP 14 „visteitraður“ (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinnar tilskipana ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 38. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í III. viðauka við tilskipun 2008/98/EB eru tilgreindir þeir eiginleikar úrgangs sem gera hann hættulegan.
- 2) Í tilskipun 2008/98/EB er tekið fram að flokkun úrgangs sem hættulegur ætti m.a. að byggjast á löggjöf Sambandsins um iðefni, sérstaklega að því er varðar það að flokka blöndur sem hættulegar, þ.m.t. gildi fyrir styrkleikamörk sem eru notuð í þeim tilgangi. Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB ⁽²⁾ er tekin saman skrá yfir tegundir úrgangs í því skyni að stuðla að samræmdri flokkun úrgangs og tryggja samræmda ákvörðun á hættulegum eiginleikum úrgangs innan Sambandsins.
- 3) Í III. viðauka við tilskipun 2008/98/EB er kveðið á um að röðun í flokka samkvæmt hættulega eiginleikanum HP 14 „visteitraður“ skuli gerð á grundvelli viðmiðana sem mælt er fyrir um í VI. viðauka við tilskipun ráðsins 67/548/EBE ⁽³⁾.
- 4) Tilskipun 67/548/EBE var felld úr gildi frá og með 1. júní 2015 og í stað hennar kom reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ⁽⁴⁾. Þrátt fyrir það getur tilskipunin gilt um einhverjar blöndur til 1. júní 2017 ef flokkun þeirra, merking og pökkun fór fram í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB ⁽⁵⁾ og setning á markað fór fram fyrir 1. júní 2015.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 150, 14.6.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 206/2017 frá 27. október 2017 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3.

⁽²⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB frá 3. maí 2000 sem kemur í stað ákvörðunar 94/3/EB um skrá yfir úrgang samkvæmt a-lið 1. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE um úrgang og ákvörðunar ráðsins 94/904/EB um skrá yfir hættulegan úrgang samkvæmt 4. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang (Stjtið. EB L 226, 6.9.2000, bls. 3).

⁽³⁾ Tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna (Stjtið. EB 196, 16.8.1967, bls. 1).

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtið. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

⁽⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB frá 31. maí 1999 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna blandna (Stjtið. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1).

- 5) Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 2008/98/EB var skipt út með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1357/2014 ⁽¹⁾ í því skyni að laga, eftir því sem við á, skilgreiningarnar á hættulegum eiginleikum að reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og skipta út tilvísunum í tilskipun 67/548/EB fyrir tilvísanir í reglugerð (EB) nr. 1272/2008.
- 6) Skilgreiningu á hættulega eiginleikanum HP 14 „visteitraður“ var ekki breytt með reglugerð (ESB) nr. 1357/2014 þar sem frekari rannsókn var nauðsynleg til að tryggja að upplýsingar væru heildstæðar og dæmigerðar að því er varðar hugsanleg áhrif aðlögunar mats á hættulega eiginleikanum HP 14 „visteitraður“ að viðmiðununum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1272/2008. Þar sem þeirri rannsókn er lokið þykir rétt að ráðleggingar í tengslum við hana endurspeglar í mati á hættulega eiginleikanum HP 14 „visteitraður“ að því er varðar úrgang skv. III. viðauka við tilskipun 2008/98/EB og að laga það mat, að því marki sem unnt er, að viðmiðununum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1272/2008 varðandi mat á visteiturflokkum íðefna. Þegar hættuflokkun úrgangs er ákvörðuð að því er varðar hættulega eiginleikann HP 14 „visteitraður“ með því að beita reikniformúlu ætti að nota almenn þröskuldsgildi eins og þau eru skilgreind í reglugerð (EB) nr. 1272/2008.
- 7) Í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 eru samræmdir margföldunarstuðlar fyrir takmarkaðan fjölda efna sem eru flokkuð sem „hættuleg fyrir vatnsumhverfi, bráð eiturhrif í 1. undirflokk“ eða „hættuleg fyrir vatnsumhverfi, langvinn eiturhrif í 1. undirflokk“ sem eru notaðir til að ákvarða flokkun á blöndum sem innihalda slík efni. Í ljósi framfara við ákvörðun slíkra margföldunarstuðla getur framkvæmdastjórnin, í samræmi við 2. mgr. 38. gr. tilskipunar 2008/98/EB, endurskoðað reikniðferðina við mat á efnum með tilliti til hættulega eiginleikans HP 14 „visteitraður“ með það í huga að nota hugsanlega margföldunarstuðla í þeirri aðferð.
- 8) Þegar prófun fer fram til að meta úrgang með tilliti til hættulega eiginleikans HP 14 „visteitraður“ er rétt að nota viðeigandi aðferðir sem fastsettar eru í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 440/2008 ⁽²⁾ eða aðrar alþjóðlega viðurkenndar prófunaraðferðir og leiðbeiningar. Í ákvörðun 2000/532/EB er kveðið á um að ef hættulegur eiginleiki úrgangs hefur verið metinn með prófun og með því að nota styrk hættulegra efna, eins og fram kemur í III. viðauka við tilskipun 2008/98/EB, skulu niðurstöður prófunarinnar vega þyngra. Enn fremur ætti að hafa hliðsjón af 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008, einkum b-lið 12. gr., og aðferðafræði við beitingu hennar. Rétt þykir að framkvæmdastjórnin hvetji til skipta á bestu starfsvenjum að því er varðar prófunaraðferðir við mat á efnum með tilliti til hættulega eiginleikans HP 14 „visteitraður“ með hugsanlega samræmingu þeirra í huga.
- 9) Rétt þykir að gefa fyrirtækjum og lögbærum yfirvöldum nægan tíma til að aðlagast nýju kröfunum.
- 10) Nefndin, sem um getur í 39. gr. tilskipunar 2008/98/EB, skilaði ekki álitum um þær ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari reglugerð. Því ætti ráðið að samþykkja ráðstafanirnar í samræmi við 4. mgr. 5. gr. a í ákvörðun ráðsins 1999/468/EB ⁽³⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 2008/98/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 5. júlí 2018.

⁽¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1357/2014 frá 18. desember 2014 um að skipta út III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtið ESB L 365, 19.12.2014, bls. 89).

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 440/2008 frá 30. maí 2008 þar sem mælt er fyrir um prófunaraðferðir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (Stjtið ESB L 142, 31.5.2008, bls.1).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið (Stjtið ESB L 184, 17.7.1999, bls. 23).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 8. júní 2017.

Fyrir hönd ráðsins,

K. SIMSON

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 2008/98/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað færslu fyrir HP 14 „visteitraður“ komi eftirfarandi:

„HP 14 „visteitraður“: úrgangur sem hefur eða kann að hafa áhættu í för með sér fyrir eitt eða fleiri umhverfissvið, tafarlaust eða síðar.

Úrgangur sem uppfyllir einhver eftirfarandi skilyrða skal flokkaður sem hættulegur með HP 14:

— Úrgangur sem inniheldur efni sem er flokkað sem ósoneyðandi og fær hættusetningu H420 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 (*) og styrkur slíks efnis er jafn eða yfir styrkleikamörkunum 0,1%.

$$[c(H420) \geq 0,1\%]$$

— Úrgangur sem inniheldur eitt eða fleiri efni sem eru flokkuð sem efni sem eru hættuleg fyrir vatnsumhverfi með bráð eiturhrif og fá hættusetningu H400 í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og summa styrks þeirra efna er jöfn eða yfir styrkleikamörkunum 25%. Þröskuldsgildi sem nemur 0,1% skal gilda um slík efni.

$$[\Sigma c(H400) \geq 25\%]$$

— Úrgangur sem inniheldur eitt eða fleiri efni sem eru flokkuð sem efni sem eru hættuleg fyrir vatnsumhverfi með langvinn eiturhrif í 1., 2. eða 3. undirflokki og fá hættusetningu eða hættusetningar H410, H411 eða H412 í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og summa styrks allra efna sem eru flokkuð sem hættuleg fyrir vatnsumhverfi með langvinn eiturhrif í 1. undirflokki (H410) margfaldað með 100 og bætt við summu styrks allra efna sem eru flokkuð sem hættuleg fyrir vatnsumhverfi með langvinn eiturhrif í 2. undirflokki (H411) margfaldað með 10 og bætt við summu styrks allra efna sem eru flokkuð sem hættuleg fyrir vatnsumhverfi með langvinn eiturhrif í 3. undirflokki (H412) er jöfn eða yfir styrkleikamörkunum 25%. Þröskuldsgildi sem nemur 0,1% gildir um efni sem eru flokkuð sem H410 og þröskuldsgildið 1% gildir um efni sem eru flokkuð sem H411 eða H412.

$$[100 \times \Sigma c(H410) + 10 \times \Sigma c(H411) + \Sigma c(H412) \geq 25\%]$$

— Úrgangur sem inniheldur eitt eða fleiri efni sem eru flokkuð sem efni sem eru hættuleg fyrir vatnsumhverfi með langvinn eiturhrif í 1., 2. 3. eða 4. undirflokki og fá hættusetningu eða hættusetningar H410, H411, H412 eða H413 í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og summa styrks allra efna sem eru flokkuð sem hættuleg fyrir vatnsumhverfi með langvinn eiturhrif er jöfn eða yfir styrkleikamörkunum 25%. Þröskuldsgildi sem nemur 0,1% gildir um efni sem eru flokkuð sem H410 og þröskuldsgildið 1% gildir um efni sem eru flokkuð sem H411, H412 eða H413.

$$[\Sigma c(H410) + \Sigma c(H411) + \Sigma c(H412) + \Sigma c(H413) \geq 25\%]$$

Þar sem: Σ = summa og c = styrkur efnanna.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtið. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).“

2) Athugasemdin fyrir neðan færsluna fyrir HP 15 fellur brott.